

Nd.

180. Frumvarp til laga

[123. mál]

um breyting á lögum nr. 101 1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Flm.: Bragi Sigurjónsson.

1. gr.

2. málsgr. 12. gr. laganna orðist svo:

Tryggja skal greiðslu á þeim halla, sem bændur kunna að verða fyrir af útflutningi landbúnaðarvara, en þó skal greiðslan vegna þessarar tryggingar ekki vera hærri en svarar 5% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar viðkomandi verðlagsár, miðað við það verð, sem framleiðendur fá greitt fyrir afurðir sínar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1970.

Greinargerð.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að íslenzkir bændur framleiða til útflutnings verulegt magn landbúnaðarvara sér og þjóðarheildinni til óhagræðis. Mun láta nærri skv. núgildandi lögum, að ríkissjóður þurfi að greiða komandi ár um 300 millj. kr. til bænda með þessari útflutningsframleiðslu þeirra, en þeir fái þó ekki framleiðslukostnaðinn greiddan að fullu. Sjá allir, að hér þarf að ráða bót á. Æskilegast hefði verið, að stéttarsamtök bænda hefðu hér haft forustu um úrræði, svo sem með skipulagðri stjórn á því, að eigi væri framleitt óhóflegt magn til útflutnings af landbúnaðarvörum, sem seldist langt undir kostnaðarverði. En á þessu bólar lítið, og segja má, að löggjafinn hafi fremur unnið gegn því en með, að hér væri vakað á verði, með því að verja jafnmiklu fé til útflutningsbóta og raun ber vitni. Af þessum sökum er hér lagt til, að hlutfallstala sú, er útflutningsbætur landbúnaðarvara hafa verið miðaðar við undanfarin ár, verði lækkuð verulega, í trausti þess, að það leiddi til skynsamlegri háttar varðandi framleiðsluna, bændum og alþjóð til hagræðis. Að sjálfsgöðu ber að stefna að því, að útflutningsbætur séu alls ekki greiddar með vöru, sem engan þjóðhagslegan vinning gefur að framleiða til útflutnings, en bæði er, að í þessu tilliti væri hér um of bráða aðgerð að ræða, ef tekið væri fyrir slíkt með öllu, og bændum stórleg tekjuskerðing, nema þeir fái nokkurn aðlögunartíma. Því er hér lögð til veruleg lækkun, en auk þess að stíga niður um þrep nokkur tími hafður til stefnu til að taka skrefið, eða ársfrestur.